# Tillaga að breyttu deiliskipulagi fyrir Háeyri við Reykjalundarveg Mosfellsbæ.




Gildandi deiliskipulag.
Samþykkt í bæjarstórn 8. júní 2016 og birt í B-deild stjórnartíðinda 26. september 2016.

Mkv. 1:1000




## Greinargerð

Á lóðunum nr. 1 og 2 við Háeyri við Reykjalundarveg er í gildi deiliskipulag samþykkt 2016 fyrir tvö tveggja hæða 450 m² einbýlishús á hvorri lóðinni fyrir sig. Hámarks hæð er áætluð 7.5 m miðað við aðkomuhæð. Lóðin nr. 1 er 1.197m² og nr. 2 er 1.770 m².

Samkvæmt tillögu að breyttu deiliskipulagi er gert ráð fyrir að í stað tveggja einbýlishúsa verði heimilt að byggja tvö tveggja hæða parhús þar sem hver eining verði 9 x12,5 m² að grunnfleti þ.e. 112,5 m² eða um 225 m² að samanlögðum gólffleti. Samanlagt byggingarmagn er því áætlað um 225 m² x 4 eða um 900 m² á báðum lóðunum. Hámarkshæð bygginga er áætluð 8.0 m miðað við aðkomuhæð. Þakform er frjálst. Miðað er við 3 bílastæði á íbúð eða samanlagt 12 bílastæði. Snúningssvæði þarf að vera milli lóða eða við enda götu fyrir þjónustubifreiðar.

Í tillögunni er gert ráð fyrir einni innakstursleið frá Reykjalundarvegi með Sveinseyri og Eyri. Húsbyggjandi kostar og ber ábyrgð á gerð aðkomuvegar innan lóða. Huga þarf að ofanvatni af götu vegna nálægðar við Varmá.

Samhliða þessari breytingu á deiliskipulagi er gerð breyting á aðalskipulagi bæjarins fyrir umræddar lóðir. Er það gert með tilvísun til 7. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 þar sem fjallað er um innbyrðis samræmi milli aðalskipulags og deiliskipulags. Aðalskipulagsbreytingin nær til töflu 4.1 á bls 31 í greinargerð Aðalskipulags Mosfellsbæjar 2011-2030 þar sem heildarfjöldi íbúða breytist úr 2 í 4 og þéttleiki byggðar breytist úr 6.7 íb/ha í 13.3 íb/ha.

Vatnsveita, hitaveita og fráveita húsa tengjast inn á nærliggjandi veitukerfi við Reykjalundarveg. Huga þarf að kvöð um aðgengi, aðkomu og veitur við útgáfu lóðablaða.




Gildandi deiliskipulag. Skýringarmynd - snið

Mkv. 1:500

### Tákn

- Mörk deiliskipulagsvæðis
- Byggingarreitur
- Lóðarmörk
- Bílastæði
- Vegur
- Gangstétt

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr 43. gr.skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

skipulagsnefnd þann 24/2 2023 og

í bæjarstjórn þann 1/3 2023.

Tillagan var auglýst frá 8/12 2022 með

athugasemdafresti til 23/1 2023.

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ____________ 20___.




Tillaga að breyttu deiliskipulagi.

Mkv. 1:1000




Tillaga að breyttu deiliskipulagi skýringarmynd - Útlit norðaustur

Mkv. 1:500




Tillaga að breyttu deiliskipulagi skýringarmynd - snið 1

Mkv. 1:500

Uppfært og breytt: 14.02.2023

Aðkomuæð snúið frá eftir auglýsingu. Núverandi aðkoma Háeyrar áfram nýtt, en nú sem aðkoma beggja lóða.

Upplýsingar um veitur og kvaðir innfærðar

1:500 / 1:1000

**Kristinn Ragnarsson arkitekt ehf.**
Hlíðasmári 19 - 2.hæð . 201 Kópavogur . Ísland
S. 564.2255 . Fax. 544.4225
Kt. 581298.3589 . www.krark.is . krark@krark.is

## Háeyri 1 og 2

## Mosfellsbær

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Landnúmer:** | 125413, 225778 | **Staðgreinir:** | 1604-1-96000080 |

Parhús

## Tillaga að deiliskipulagi

Deiliskipulag

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Hönnun:** | KR / AI | **Verknúmer:** | 07058BD |
| **Verkefnastjóri:** | AI | **Mælikvarði:** | 1:1000 |
| **Teiknað:** | AI/HI | **Dagsetning:** | 02.01.2023 |
| **Yfirfarið:** | AI / KR | **Blað:** U101 | **Útgáfa:** _ |
| **Samþykkt:** Kristinn Ragnarsson Kt. 120944.2669 | | | |

Copyright © KRark _Hönnuður áskilur sér allan rétt á teikningum - Fjölföldun er háð skriflegu samþykki

A2

Plot: 2/14/2023 2:40:14 PM
Save: 2/8/2023 1:35:59 PM